

Hafnarfjörður

Sigurður Haraldsson

Reykjavík, 27. júní 2019

Framkvæmdaleyfi vegna endurheimt votlendis í Hafnarfirði

Fyrir hönd Votlendissjóðsins sæki ég eftir framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis í Krísuvík í landi Hafnarfjarðar. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Krísuvíkurmýri þar sem um er að ræða nýja framkvæmd við að færa land í fyrra horf með endurheimt votlendis. Framkvæmdaaðili er Hafnarfjarðarbær.

Bleiksmýri þar sem um er að ræða viðhald á fyrri aðgerð við endurheimt sem framkvæmd var árið 2016 samkvæmt samningi Landgræðslunnar og Hafnarfjarðarbæjar. Með samningi Votlendissjóðs við Landgræðsluna var forræði yfir verkefninu fært til Votlendissjóðs sem er jafnframt framkvæmdaaðili.

Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið á árinu 2019 en ekki verður framkvæmt á tímabilinu 1. maí – 15. júlí sem er varptími fugla.

Meðfylgjandi gögn:

Verkátun fyrir Krísuvíkurmýri

Verkátun fyrir Bleiksmýri

Þar sem um er að ræða mikilvægt samfélagslegt verkefni að ræða í loftlagsmálum óska undirritaður eftir því að kostnaður vegna veitingu framkvæmdaleyfis verði felldur niður

Undirritaður veitir frekari upplýsingar, verði eftir þeim leitað. Á meðan á framkvæmd stendur er undirritaður tengiliður vegna hennar.

F.h Votlendissjóðsins

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri

S: 768 2969